

Smiðja 6

7. og 8. bekkur 20. apríl -2. júní

Slóð inn á valblaðið: <https://forms.gle/TqkxgdgFiGEa2p8UA>

Myndmennt – Þar sem allt getur gerst

Kennarar: Vilma og Silla

Verkefni 1: Nemendur útbúa **lógó (merki)** fyrir sjálfan sig, sem er lýsandi fyrir þeirra karakter eða áhugamál. Hægt er að vinna hugmyndir út frá nafni eða upphafsstaf og myndgera á áhugaverðan hátt. **Verkefni 2:** Spennandi verk unnið í anda **súrrealisma** þar sem hlutir eru settir í nýtt samhengi.

Námsmarkmið: Að nemandi

- hefur fengið kynningu á súrrealisma og unnið verk í anda stefnunnar
- getur unnið hugmynd frá skissu að lokaverki
- hefur fengið kynningu á mismunandi tilgangi myndlistar og hönnunar

Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér.



Textílmenn - Prjón

Kennari: Ingibjörg

Verkefni: Prjóna ungbarnasokka

Hæfniviðmið: Að nemandi

- geti prjónað brugðið prjón
- geti fitjað upp, prjónað garðaprjón og fellt af



Námsmat: Símat. Gefið er fyrir vinnusemi, vandvirkni, frumkvæði, verkfærni, umgengni/ábyrgð og samskipti. Í lok smiðjunnar er gefið í bókstöfum samkvæmt aðalnámsskrá og merkt í hæfniviðmið í Mentor.

Viltu fara í bíó?

Kennari: Álfheiður

Finnst þér gaman að horfa á og pæla í kvikmyndum?

Hefur þig einhvern tíma langað að vera í dómnefnd?

Sunnudaginn 25. apríl fer fram Verðlaunahátíð ungra áhorfenda þar sem krakkar á aldrinum 12-14 ára velja eina mynd af þremur sem bestu myndina. Krakkar frá 35 Evrópulöndum koma til með að

velja myndina, öll á sama tíma, hver í sínu landi. Hátíðin mun standa frá kl. 10-15:30 og fer fram í Bíó Paradís.

Ef þú vilt vera með í þessari dómnefnd þá er smiðjan fyrir þig. Auk þess að taka þátt þennan sunnudag munum við vinna skemmtileg verkefni út frá þessum kvikmyndum, horfa á fleiri og spá og spekúlera í þeim.

Námsmat:

Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni og samskipti.

Heimilisfræði

Kennari: Linda

Verkefni: Í smiðjunni munum við æfa okkur í brauðbakstri, að elda einfalda rétti, leggja snyrtilega á borð og ganga frá, ásamt því að baka sætabrauð.

Fræðumst um næringargildi í matvælum, skoðum hvar við getum fundið þær upplýsingar og hvernig maður notar þær. Tökum einn tíma í að leita að uppskrift á netinu sem við prófum síðan.

Hæfniviðmið: Að nemendur

- geti matreitt einfalda rétti eftir uppskrift
- geti unnið sjálfstætt eftir uppskrift
- geti vaskað upp og gengið frá á réttan hátt
- hafi fengið fræðslu um umbúðamerkingar, útlit og gæði matvæla ásamt hvernig skal geyma matvæli

Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; SímatHö og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk hæfniviðmiða.

Bakkasmíði

Kennari: Ingólfur

Í þessari smiðju smíða nemendur bakka úr birkikrossvið. Unnið er eftir vinnuteikningu og verklýsingu hér skiptir máli að mæla, saga og fella saman af nákvæmni þá ólíku hluta sem gera bakkann.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti

- valið samsetningu og yfirborðsmeðferð sem hæfir verkefnum
- lesið einfalda teikningu og smíðað eftir henni
- unnið sjálfstætt eftir verkáætlun
- útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað



Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér að ofan.

Rokk, popp og fleira

Kennari: Pétur

Staður: Tónmenntastofa

Undirstöðuatriði í rokkhljómsveitarspilamennsku kennd (rafgítar, kassagítar, rafbassi, trommur, hljómborð, slagverk, söngur) og samspil æft gegnum þekkt lög m.a. eftir:

- Bítlana (t.d. Let it Be; Twist and Shout)
- Rolling Stones (t.d. Satisfaction; Honky Tonk Woman)
- David Bowie (t.d. Let's Dance; Space Oddity)
- Stuðmenn (t.d. Manstu' ekki eftir mér; Ofboðslega frægur)
- Bubba Morthens (t.d. Stál og hnífur; Fjöllin hafa vakað)
- Pál Óskar (Þú komst við hjartað í mér; Það geta' ekki allir verið gordsjöss).

Einnig kennd undirstöðuatriði í lagasmíðum og textagerð.

Hjólaferðir (til vara önnur útivist)

Kennari: Tóti

Staður: Íslenskustofa/nærumhverfi

Í þessari smíðju er markmiðið að nemendur læri á nærumhverfi sitt í hjólaferðum á jákvæðan hátt og geti nýtt sér þau til heilsueflingar.

Hæfniviðmið: Að nemendur

- sýni áhuga á útiveru og hreyfingu í nærumhverfi og læri að nýta sér hina skemmtilegu náttúru sem er í Grafarholtinu.

Námsmat: Námsmat er í formi símats og frammistöðumats og gefið er í bókstöfum. Til grundvallar námsmati eru eftirfarandi þættir metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði, framkoma og umgengni.

Búnaður: Nauðsynlegt er að hafa aðgengi að góðu hjóli og reiðhjólahljóm.

Boltaþróttir

Kennari: Villi

Staður: Íþróttasalur

Markmið og verkefni: Námskeiðið er fyrir krakka á öllum getustigum sem vilja upplifa skemmtilegan íþróttatíma. Farið verður í fótbolta, handbolta, skotbolta, körfubolta og blak.

Framkoma, virðing og hvatning verður lykilatriði í þessum tímum.

Námsmat: Námsmat er í formi símats og frammistöðumats og gefið er í bókstöfum. Til grundvallar námsmati eru eftirfarandi þættir metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði, framkoma og umgengni.